Alþingi
Erindi nr. Þ 131/519
komudagur 7.12. 2004

# Tækninefnd
Vísinda- og tækniráðs

Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2004

**Málefni: þingsályktun, 53. mál.**

Tækninefnd tók til umfjöllunar efni þingsályktunartillögu, þskj. 53 – 53. mál, varðandi nýtingu stofnfruma úr fósturvísum til rannsókna og lækninga.

Tækninefnd telur jákvætt að skipaður verði hópur til að móta stefnu um hovrt heimila eigi með lögum notkun stofnfruma úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga alvarlegra sjúkdóma. Það er ljóst að skoða þarf í þessu samhengi löggjöf sem fyrir er, s.s. um glasafrjóvgun. Ástæða er til að beina því til nefndarinnar að leitast verði við að umræða í samfélaginu verði upplýst, til að forðast einstrengislega afstöðu einstakra hópa og einstaklinga.

Fyrir hönd Tækninefndar

Hallgrímur Jónasson
formaður